

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.01.2016
Málalýkill	04.18
Mál nr.	1501316



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 30. desember 2015
Tilv.: MMR15040096/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttakt á Leikskólanum Sjáland

Í október 2014 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar, Inga Dóra Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, úttekt á starfsemi leikskólans Sjálands í Garðabæ. Úttektin var gerð á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Helstu matsþættir sem skoðaðir voru eru: Leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsmannamál, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og innra mat. Því til viðbótar var metið hvernig starfsfólk með aðra menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í starfi og starfsemi svokallaðs Þjálfunarkjarna sem er þjónusta við börn með sérþarfir.

Ráðuneytið hefur móttengið umbótaáætlun Leikskólans Sjáland þar sem gerð er grein fyrir þeim umbótum sem sveitarfélagið og skólinn hafa áætlað í framhaldi af skýrslunni. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar. Í júní 2016 mun ráðuneytið óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaáætlunar fram að þeim tíma.

Beðist er velvirðingar á hve seint staðfesting á móttöku umbótaáætlunar berst

Fyrir hönd ráðherra

Sigr. Lára Ásbergisdóttir
Sigríður Lára Ásbergisdóttir

Björk Óttarsdóttir
Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Sjáland og skólanefnd Garðabæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026